



Til allra sveitarfélaga

## DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 11. ágúst 2021  
Tilv.: DMR20080058/5.11.0

Samkvæmt 123. gr. c liðar laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000, greiðir ríkissjóður nauðsynlegan kostnað við störf undirkjörstjórna og kjörstjórna skv. 2. mgr. 15. gr. laga 24/2000, auk kostnaðar við húsnæði til kjörfunda, atkvæðakassa og önnur áhöld vegna kosninganna.

Að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hefur verið ákveðið að greiða sveitarfélögunum, vegna framangreindra kostnaðarþátta, vegna kosninganna 25. september 2021, sem hér á eftir greinir. Við ákvörðun fjárhæðanna hefur verið tekið tillit til þess að búast má við auknum kostnaði sveitarfélaganna við framkvæmd kosninganna sökum þess ástands sem Covid-19 farsóttin hefur skapað. Er nauðsynlegt að sveitarfélög taki við undirbúning kosninganna mið af nauðsynlegum sóttvörnum á kjörstöðum þ.m.t. hvort fjölga þurfi kjörstöðum. Er umræddum greiðslum ætlað að koma til móts við allan kostnað af framkvæmdinni í sveitarfélögunum.

1. Fyrir hvern kjósanda á kjörskrá eins og fjöldi þeirra var í lok kjördags skv. 27. gr. laga nr. 24/2000, **783 krónur**.
2. Fyrir hvern kjörstað sem sveitarstjórn ákvað skv. 1. mgr. 68. gr. laga nr. 24/2000, **583.000 krónur**.

Sveitarfélög geta óskað greiðslu á framangreindum kostnaði með því að senda dómsmálaráðuneytinu rafrænan reikning, **auk upplýsinga, sem staðfestar eru af kjörstjórn sveitarfélagsins, um fjölda kjósenda og fjölda kjörstaða**. Upplýsingar um rafræna reikninga er að finna á heimasíðu Fjársýslu ríkisins <https://www.fjs.is/fraedsla-og-verklagsreglur/rafraenir-reikningar/>

Fyrir hönd ráðherra

Bryndís Helgadóttir

Hjördís Stefánsdóttir

Ljósrit: Samband íslenskra sveitarfélaga,  
Borgartúni 30,  
128 Reykjavík.